

Umhverfis- og skipulagsráð 24. september 2025

liður nr. 21

Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins:

Framsókn leggur til að umhverfis- og skipulagsráð feli umhverfis- og skipulagssviði að útvíkka skilgreind svæði sem bannað er að leggja leigurafskútum með það að markmiði að ekki verði hægt að leggja þeim á hjólastígum.

Greinargerð

Mikil hættu skapast þegar rafskútur eru skildar eftir á hjólastígum. Það getur valdið slysum og því er mikilvægt að skylda rafskútuleigur til að tryggja það að ekki sé hægt að ganga frá rafskútum á hjólastígum. Það á einnig við þegar rafskúta getur ekki ferðast lengra vegna rafmagnsleysis. Sambærilegar reglur er að finna víða í Evrópu m.a. í Frankfurt við góðan árangur.